

Dalabyggð kt. 510694-2019 og Skátafélagið Stígandi kt. 650308-0770 gera með sér eftirfarandi

SAMSTARFSSAMNING

1.gr.

Markmið samnings þessa er að skilgreina og efla tengsl sveitarfélagsins og skátafélagsins með það að markmiði að styrkja Dalabyggð frekar sem áhugaverðan og góðan búsetukost, þar sem m.a. fari fram kraftmikið skátastarf, íbúum sveitarfélagsins til heilla. Samningurinn byggir á farsælu og nánú samstarfi samningsaðila til nokkurra ára og hefur að markmiði að móta samskipti þeirra til framtíðar. Með samningnum viðurkennir sveitarfélagið það mikilvæga hlutverk sem skátahreyfingin gegnir gagnvart íbúum sveitarfélagsins.

Skátahreyfingin skuldbindur sig til að kappkosta að gera sem flestum börnum og unglingum í sveitarfélaginu kleift að stunda skátastarfið með því að veita þeim greiðan aðgang að skátafélaginu og því starfi sem þar fer fram. **Félagið vinni að því að tryggja aðilum á öllum aldri, óháð kyni, jöfn tækifæri til aðkomu að skátastarfi.** Við skipulagningu starfsins skal þannig tryggt að kynin hafi jafnan aðgang að starfinu.

Sveitarfélagið lítur á starf skáta mjög jákvæðum augum og telur það vera mikilvægt forvarnarstarf í þágu sveitarfélagsins.

2. gr.

Skátafélagið Stígandi hafa endurgjaldslaus afnot af:

- Skátalundi í landi Dalabyggðar skv. nánara samkomulagi **í tengslum við útivistarskóg í landi Fjósa** og hefur leyfi fyrir eftirtöldum framkvæmdum:
 - Byggja lítinn skúr sem felldur verður inn í landslagið undir sinuhrífur, vatn, eldivið og fleira. Fara þarf eftir þeim reglum sem gilda um slíkar framkvæmdir og skal byggingin gerð í samvinnu við skipulagsfulltrúa Dalabyggðar.
 - Koma upp eldstæði og útbúa bekki þar í kring (náttúrulega, t.d. úr þökum/torfí)
 - Gróðursetja „villtan“ gróður til að þétta „skóg“ í kringum rjóðrið.
 - Fá að búa til náttúrulegar þrautabrautir við rjóður.
 - Setja upp skilti „Skátafélagið Stígandi“ til að merkja rjóðrið.
- Skátastofu í kjallara vesturhluta Dalabúðar sem félagið hefur haft til afnota.
 - Skátafélagið hefur afnot af Skátastofu skv. starfsskipulagi félagsins. Aðrir aðilar geta einnig haft afnot af húsnæðinu með leyfi húsvarðar/**Auðarskóla** en félagið hefur **einkaafnot af geymslu**. Gert er ráð fyrir að Skátastofa sé læst þegar hún er ekki í notkun.
 - Skátafélagið sér um ræstingu Skátastofu og aðgönguleiða eftir samkomur sínar og hefur aðgang að ræstiherbergi og ræstivörum.
- Félagsheimilinu Dalabúð í samráði við húsvörð/skrifstofu Dalabyggðar og **Auðarskóla**.
 - Gert er ráð fyrir afnotum átta sinnum í mánuði frá september og fram í maí.
 - Tímaáætlun vegna afnota komandi vetrar sé gerð að hausti í samráði við húsvörð/skrifstofu Dalabyggðar.

- Afnot skátafélagsins eru víkjandi gagnvart stærri viðburðum sem upp kunna að koma enda hafi húsvörður/skrifstofa Dalabyggðar **og/eða Auðarskóli** samráð við félagið.
- Skátafélagið sér um tiltekt eftir sig í hvert sinn.
- Dalabyggð sér um ræstingu hússins að öðru leyti.

3. gr.

Árlegt framlag Dalabyggðar til skátafélagsins Stíganda er eftirfarandi fyrir árið 2021. Framlög geta tekið breytingum til hækkunar eða lækkunar skv. fjárhagsáætlun sveitarfélagsins:

Aðstaðan í Skátalundi er endurgjaldslaus og ekki metin til fjár.

Vegna Skátastofu í Dalabúð Kr. 480.000

Vegna annarrar aðstöðu í Dalabúð Kr. 200.000

Rekstrarframlag Kr. 250.000

Þóknun vegna hreinsunar Kr. 60.000

Rekstrarframlag og þóknun samtals kr. 310.000,- er greitt 15. júní ár hvert þegar árlegri hreinsun er lokið.

Aðstaðan í húsnæðinu er metin og getið sem óbeinnar styrkveitingar til skátafélagsins í uppgjöri sveitarfélagsins. Farið er fram á að skátafélagið haldi yfirlit yfir tímanotkun sína á húsnæðinu.

Rekstrarframlag er framlag sveitarfélagsins vegna uppbyggingar á skátastarfinu í Dalabyggð og þátttöku skátafélagsins í skrudgöngu og varðstöðu við fjallkonu 17. júní.

Skátafélagið skuldbindur sig til þess að vera virkur þátttakandi í 17. júní hátíðarhöldum og fleiri hátíðum á vegum sveitarfélagsins eftir samkomulagi og leggi sig fram um að vera sýnileg og nýti sér þau tækifæri sem skapast s.s. við fjáröflun, með skemmtilegum uppákomum, viðburðum eða sýningum. **Dalabyggð gæti að jöfnum hlut félagasamtaka í Dalabyggð í aðkomu að viðburðum þar sem tækifæri til fjáröflunar skapast.**

Skátafélagið sér um árlega vorhreinsun á opnum svæðum innan þéttbýlismarkna í Búðardal í samráði við verkstjóra áhaldahúss.

Félagið skili yfirliti yfir starfsemina og nafnalista yfir þátttakendur í tengslum við fjárhagsáætlunargerð í nóvember ár hvert.

Félagið skuldbindur sig til að geta þess í kynningum og annars staðar þar sem það getur átt við að Dalabyggð sé styrktaraðili þess.

Félagið banni hvers konar notkun tóbaks, **rafretna**, áfengis eða annarra vímuefna á samkomum á vegum þess.

Víki félagið í verulegum atriðum frá stefnu sinni um fjölbreytta félagsstarfsemi fyrir alla aldurshópa og bæði kyn er Dalabyggð heimilt að taka framlag sitt til félagsins til endurskoðunar, að undangenginni aðvörun til stjórnar þess.

4. gr.

Samningur þessi gildir fyrir árin **2021, 2022 og 2023** og skal framlag til reksturs endurskoðaður eigi síðar en í nóvember ár hvert fyrir komandi ár í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Ágreiningursem rísa kann vegna samnings þessa skal leystur með úrskurði byggðarráðs Dalabyggðar.

Samningur þessi er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar Dalabyggðar og stjórnar skátafélagsins Stíganda.

Búðardal dd.mm.2021

F.h. Dalabyggðar

F.h. Skátafélagsins Stíganda

með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar

Kristján Sturluson, sveitarstjóri

Þórey Björk Þórisdóttir

Vottar að undirskrift og dagssetningu (nafn og kt.):
